

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis.

Efni: Breytingatillögur við þingsályktunartillögum um Samgönguáætlun 2011-2022

Breytingatillögur meiri og minnihluta umhverfis og samgöngunefndar Alþingis við þingsályktunartillögu um Samgönguáætlun 2011-2022 eru flestar til bóta og í stórum dráttum í samræmi við umsögn SSNV frá 29. febrúar s.l. Sjá nánar
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=140&malnr=393&dbnr=1341&nefnd=us>

Til viðbótar breytingatillögum nefndarinnar er tekið sérstaklega undir breytingatillögur minnihluta nefndarinnar og einstaka þingmanna um að áfram verði tryggt innanlandsflug til Sauðárkróks og lokið verði við veglagningu Þverárfjallsvegjar/Strandvegjar um Sauðárkrók á fyrsta tímabili áætlunarinnar.

Lýst er vonbrigðum með að ekki sé gert fyrir að hafnar verði athuganir á lækkun vegstæðis um Holtavörðuheidi sem bæta mun vegasamband milli Vestur og Norðurlands til mikilla muna. Nefndarmenn eru hvattir til þess að endurskoða afstöðu sína hvað þessa framkvæmd varðar.

Vakin er sérstök athygli á að í 17. liður breytingatillagna meirihlutans er til að framkvæmdum við endurgerð Skagastrandarvegjar frá Hringvegi að Þverárfjallsvegi og um Laxá verði flýtt. Í nefndarálit meirihlutans er þessi framkvæmd ekki tímasett. SSNV leggur mikla áherslu á að hafist verið handa við áðurgreinda vegagerð sem allra fyrst og eðlilegt væri að henni yrði lokið á öðru tímabili áætlunarinnar.

Ofangreindu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt



Jón Óskar Pétursson

framkvæmdastjóri

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra